

Samþykktir fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands

Helstu efnisbreytingar frá fyrri samþykktum eru gulmerktar í skjalinu.

Fyrirsögnum er bætt við allar greinar til að auðvelda notkun samþykktanna.

I.KAFLI

Heiti og tilgangur

1. grein (1. og 2. gr. steipt saman og stytta)

Heiti félagsins.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands starfar á grundvelli laga nr. 68/1994. Frá gildistöku laganna yfirtekur eignarhaldsfélagið öll réttindi og allar skyldur Brunabótafélags Íslands hverju nafni sem nefnast.

Heimili og varnarþing félagsins er í Kópavogi.

Um forsögu félagsins vísast til ákvæða í viðauka við samþykkt þessa.

2. gr.

Markmið um örugga fjárvörslu og ávöxtun eigna. (áður 3. gr. en mikið breytt)

Hlutverk félagsins er að standa vörð um og ávaxta þann sjóð er varð til við sölu félagsins á helmings eignarhlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands.

Meginmarkmið í ávöxtun eru þau að EBÍ standi á hverjum tíma undir skilgreindum markmiðum um útgreiðslu til sveitarfélaga í formi ágóðahlutar. Fulltrúaráð EBÍ mótar þessi meginmarkmið og getur falið stjórn að ákveða endanlega upphæð ágóðahlutarins. Lágmarka skal líkur á að skerða höfuðstól á milli ára.

Stjórn EBÍ skal móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Áhættudreifing skal vera í forgangi við mótun fjárfestingastefnunnar.

3. gr. (áður 4. gr.)

Markmið um forvarnarstarf

EBÍ skal vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og í þeim tilgangi skal EBÍ leita leiða til að stuðla að eflingu brunavarna og styðja alhliða forvarnarstarf í sveitarfélögum á þessu sviði.

Markmið EBÍ er að vinna með slökkviliðum og fleirum í að efla brunavarnir á Íslandi m.a. með því að gefa út fræðsluefni um brunavarnir á ýmsum tungumálum og styrkja rannsóknir á sviði brunamála.

II. KAFLI (áður III. kafli)

4. gr. (áður 10., 11. og 24. gr.)

Sameignarsjóður.

Félagið starfrækir sjóð er heitir Sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Sameignarsjóðurinn er í vörslu eignarhaldsfélagsins og skal hann færður sérstaklega í bókhaldi þess en um hann gilda sömu reglur um eftirlit og endurskoðun og um félagið sjálf.

Færa skal skrá um þá, sem áttu réttindi í sameignarsjóði í upphafi, og síðan árlega, þannig að séð verði hver er eign sameignarsjóðsins annars vegar og sameigenda hins vegar, á hverjum tíma.

Til sameignarsjóðsins falla metin eignarréttindi sameigenda eftir reglum þessarar greinar, þ.e. við andlát sameiganda og þegar lögaðili sem er sameigandi er ekki lengur til og/eða ekki lengur skráður lögaðili. Sameignarsjóðurinn vex því jafnt og þétt meðan tímar renna um leið og hin óvirku eignarréttindi hinna hópanna beggja minnka. Sameignarsjóðurinn skal vera í vörslu félagsins en fulltrúaráð þess ákveður meðferð hans.

Við andlát sameiganda og þegar lögaðili sem er sameigandi er ekki lengur til og/eða ekki lengur skráður sem lögaðili, falla eignarréttindi sameiganda niður og eignarréttindin falla þá til sameignarsjóðs félagsins.

Reglan um flutning hinna óvirku eignarréttinda frá sameigendum til sameignarsjóðs, meðan félaginu er ekki slitið, byggir á ákvæðum í 5., 8. og 15. grein laganna nr. 68/1994. Með flutningnum færast eignarréttindin undir yfirráð fulltrúaráðs félagsins. Verði eignarhaldsfélaginu slitið þegar öll eignarréttindin hafa tæmst í sameignarsjóðinn, fer fulltrúaráðið þá með ráðstöfun eignanna. Ef eignarhaldsfélaginu verður slitið áður en til þess kemur, skiptast eignirnar milli sameigendanna, sem þá eru við lýði, og sameignarsjóðsins.

III. KAFLI

Fulltrúaráð og fulltrúaráðsfundir.

5. gr. (áður 12. og 13. gr.)

Fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins og sameignarsjóðs, sbr. II. kafla.

Ári eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skal **hvert sveitarfélag sem á aðild að sameignarsjóði félagsins** samkvæmt ákvæðum viðauka við samþykktirnar tilnefna einn mann og annan til vara í fulltrúaráðið.

6. gr. (áður 14., 15. og 16. gr.)

Aðalfundur fulltrúaráðs.

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal halda fyrir lok október mánaðar fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil fulltrúaráðsmanna milli aðalfunda.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Fundarsetning, yfirlýsing um lögmæti og kjör starfsmanna.
2. Fluttar skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra.

3. Ákvarðandi og leiðbeinandi ályktanir um málefni félagsins.
4. Afgreiddar breytingatillögur á samþykktum.
5. Ákvörðuð laun stjórnar og endurskoðanda.
6. Kosin stjórn og varastjórn.
7. Kosinn endurskoðandi.
8. Önnur mál.

7. gr. (áður 14. og 16. gr.)

Boðun fulltrúaráðsfunda

Fulltrúaráðið skal kalla saman með réttum fyrirvara til aukafunda hvenær sem stjórn félagsins ákveður og ætíð ef eigi færri en 1/10 fulltrúaráðsmanna óskar þess. Stjórn félagsins boðar til fulltrúaráðsfunda og getur ákveðið hvar þeir skuli haldnir.

Til fulltrúaráðsfunda skal boða með rafrænni tilkynningu til hvers aðildarsveitarfélags og hvers fulltrúaráðsmanns og eða á annan sannanlegan hátt með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfund skal þó ætíð boða á sama hátt með skemmst tveggja vikna fyrirvara. Ætíð skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins á fulltrúaráðsfund. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Fulltrúaráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

8. gr. (áður 17. gr.)

Fundir og fundarsköp.

Almenn fundarsköp gilda á fundum félagsins. Kjósa skal fundarstjóra og fundarritara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema samþykktir ákveði annað. Við kosningar og afgreiðslu mála á fundum félagsins hefur hver fulltrúi atkvæðavægi í samræmi við hlutdeild aðildarsveitarfélags í sameignarsjóði EBÍ.

Leynilegar kosningar skulu viðhafðar, ef þess er óskað við stjórnarkjör eða tilnefningu manna í nefndir eða önnur trúnaðarstörf innan eða utan félagsins. Hlutkesti skal ráða, ef atkvæði falla jafnt í kosningum.

Færa skal til bókar með greinilegum hætti það sem gerist á fundum í félaginu og skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðir því til staðfestingar.

9. (Ný grein)

Rafrænir fundir fulltrúaráðs

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að fulltrúaráðsfundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé þess gætt að tækni sú sem nýtt er til fundarins uppfylli skilyrði hlutafélagalaga og tryggi örugga framkvæmd fundarins.

Ákvörðunar um að fundur sé haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um tæknibúnað, hvernig fulltrúar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum.

Ef fundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða að öllu leyti, skulu fulltrúar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku sína eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir upphaf fundarins og þá samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

IV. Kafli.

Stjórn eignarhaldsfélagsins

10. gr. (áður 18. gr.)

Kosning stjórnar.

Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal kjósa sjö manna stjórn og jafn margna til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna.

Kjörnefnd sem stjórn félagsins skipar undirbýr stjórnarkjör og leggur fram tillögu um skipun stjórnar og varastjórnar. Nánari ákvæði um hlutverk kjörnefndar skulu sett í erindisbréf hennar. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn eða varastjórn félagsins.

Leitast skal við að allir landshlutar fái fulltrúa í stjórn eða varastjórn. Við kjör í stjórn og varastjórn skal gæta þess að hlutfall kvenna og karla í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og ekki lægra en 40%.

Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum, formaður, varaformaður, ritari og fjórir meðstjórnendur. Tiltækinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns. Ef hvorki aðalmaður né varamaður hans er tiltækur boðar formaður annan varamann í þeirra stað.

Ef stjórnarmaður forfallast eða óskar lausnar á meðan á kjörtímabili hans stendur skal kjósa nýjan stjórnarmann á næsta fulltrúaráðsfundi til þess að gegna stjórnarstörfum í þann tíma sem eftir er af kjörtímabili stjórnarinnar. Fram að kosningu nýs stjórnarmanns skal varamaður taka sæti hans.

11. gr. (áður 18. og 20. gr.)

Hlutverk stjórnar.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli fulltrúaráðsfunda í samræmi við lög og samþykktir þessar og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna.

Stjórn félagsins undirbýr og boðar fulltrúaráðið til funda og framkvæmir ályktanir fundanna. Stjórn félagsins er jafnframt stjórn sameignarsjóðsins, sbr. II. kafla.

Meginverkefni stjórnar félagsins er að:

1. Hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins, sjóðum og öðrum eignum og almennt eftirlit með rekstri þess í samræmi við lög og samþykktir.
2. Afgreiða ársreikninga félagsins fyrir lok júnímánaðar ár hvert.
3. Staðfesta stjórnskipulag félagsins.
4. Ráða félaginu framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
5. Ákveða hver eða hverjir skuli hafa prókúruumboð fyrir félagið.
6. Setja sér starfsreglur þar sem m.a. skal nánar kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmd styrkveitinga til forvarnaverkefna og reglur varðandi fjárfestingar. Starfsreglur félagsins skulu birtar á vefsíðu þess.
7. Að skipa tilnefningarnefnd fyrir aðalfund fulltrúaráðs sem kallast kjörnefnd.

12. gr. (áður 19. gr.)

Skuldbindingar.

Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið í heild, ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og þremur stjórnarmönnum.

13. gr. (áður 21. gr.)

Fundir stjórnar.

Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim eða varaformaður í forföllum hans. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara.

Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Stjórn félagsins getur ákveðið að fundur verði rafrænn en stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að jafnaði skal enginn fundarmanna taka þátt í fundi með rafrænum hætti ef ræða á sérstaklega viðkvæm trúnaðarmál. Stjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd rafrænna funda í starfsreglum stjórnar.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórn skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

14. gr. (22. gr. og tekið að láni frá LS)

Hlutverk framkvæmdastjóra

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra sem stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og ákveður ráðningarkjör þeirra.

15. gr. (áður 23. gr.)

Endurskoðun.

Aðalfundur kýs einn endurskoðanda, sem er löggiltur til slíkra starfa, og endurskoðar hann fjóra ársreikninga félagsins milli aðalfunda. Ef hann forfallast tilnefnir hann löggiltan endurskoðanda í sinn stað.

Endurskoðandi skal rannsaka alla reikninga, staðreyna eignir og skuldir og rannsaka allan fjárhag félagsins. Að því loknu skal hann semja ársreikninga félagsins í samræmi við lög og árita þá til staðfestingar um gildi þeirra.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllum bóköm, skjölum og gögnum félagsins á hvaða tíma sem er. Uppfæra skal í hverjum ársreikningi fjárhæð þá, sem tilheyrir sameignarsjóðnum. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

V. Kafli

Ýmis ákvæði.

16. gr. (27. gr.)

Breytingar á samþykktum félagsins.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs, og þarf minnst 3/4 atkvæða til að slík samþykkt sé gild. Um vægi atkvæða við tillögu um breytingu á samþykktum félagsins fer skv. 1. mgr. 8. gr.

17. gr. (26. gr.)

Sameining sveitarfélaga.

Sameining sveitarfélags sem er aðili að félaginu og annars eða annarra sveitarfélaga, sem ekki á aðild að því breytir ekki réttindum hins sameinaða sveitarfélags í eignarhaldsfélaginu.

18. gr. (áður 25. gr.)

Ákvörðun um slit á félaginu.

Ákvörðun um slit á félaginu skal tekin á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðsins og þarf minnst 3/4 atkvæða til að slík samþykkt sé gild. **Um vægi atkvæða við tillögu um slit á félaginu fer skv. 1. mgr. 8. gr.**

Slíta má félaginu með þeim hætti, að það verði sameinað öðru félagi eða að nýtt félag verði stofnað til að taka við hlutverki þess. Fulltrúaráðið getur ákveðið þetta með breytingum á samþykktum félagsins í samræmi við fyrstu málsgrein þessarar greinar. Í því falli getur fulltrúaráðið ákvarðað hvernig með skuli fara að virtum eignarréttindum sameigenda og sameignarsjóðs svo og hagsmunum kröfuhafa.

Ef eignarhaldsfélaginu verður slitið án þess að framhald sé fyrirhugað í einhverju formi, verður slitameðferðin svo sem hér segir: Fyrst skal inna af hendi allar skuldbindingar þess, hverju nafni sem nefnast eða setja tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Síðan skal greiða þeim sem eiga réttindi hjá félaginu á grundvelli **II. kafla** en það sem eftir er rennur til sameignarsjóðs.

Taki annað félag ekki við hlutverki eignarhaldsfélagsins við slit þess skal hrein eign sameignarsjóðsins renna til þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráðinu í hlutfalli við brunatryggingariðgjöld fasteigna samkvæmt samningum sveitarfélaganna á vátryggingarárinu 15. október 1992 til 14. október 1993.

19. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi tekur gildi eftir samþykki á fundi fulltrúaráðs EBÍ. Samhliða falla úr gildi reglur fyrir sameignarsjóð EBÍ, sem samþykktar voru á fulltrúaráðsfundi 19. ágúst 1995.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 10. gr., um fjölda varamanna í stjórn félagsins og um skiptingu sæta í stjórn og aðalstjórn, taka þó fyrst gildi við stjórnarkjör á næsta aðalfundi fulltrúaráðsins.

Viðauki

Ákvæði eldri samþykpta sem halda áfram gildi sínu

Eftirtalin ákvæði samþykpta sem samþykkt voru við stofnun félagsins halda gildi sínu eftir því sem við á:

1. gr.

Með lögum nr. 68 frá 11. maí 1994 var Brunabótafélagi Íslands breytt í eignarhaldsfélag og hættir félagið þar með allri beinni vátryggingastarfsemi, en Brunabótafélagið var stofnað sem gagnkvæmt vátryggingafélag með lögum nr. 54 frá 3. nóvember 1915 og hóf starfsemi sína sem slíkt hinn 1. janúar 1917.

Með lögum nr. 68/1994 var staðfest sú þróun málefna Brunabótafélags Íslands, að félagið flytur alla vátryggingastofna sína í sérstakt rekstrarfélag í hlutafélagsformi, Vátryggingafélag Íslands hf., sem stofnað var 1989. Eignarhaldsfélagið gengur inn í allar skyldur Brunabótafélagsins og yfirtekur eigur þess. Eignarhaldsfélagið gengur jafnframt í einu og öllu inn í samningsaðild Brunabótafélagsins um stofnun Vátryggingafélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands hf. og á sama hátt inn í alla samninga milli hluthafa, sem Brunabótafélagið hefur verið aðili að fram að gildistöku laganna nr. 68/1994. Undantekningin er þó sú, að við flutning á vátryggingastofni Brunabótafélagsins í brunatryggingum fasteigna til Vátryggingafélags Íslands hf. flytjast til VÍS að sjálfsögðu eignir á móti vátryggingaskuldbindingunum.

5. gr.

Flytja skal váttryggingastofn Brunabótafélags Íslands í brunatryggingum fasteigna til Váttryggingafélags Íslands hf., og skal sá flutningur miðast við 1. janúar 1994 samkvæmt leyfi Váttryggingaeftirlitsins og ákvörðun fulltrúaráðsfundar hinn 24. júní 1994. Réttindi og skyldur váttryggingataka og váttryggðra, m.a. að því er varðar skilmála og iðgjöld skulu haldast óbreytt við þennan lögmælt flutning váttryggingastofnsins.

Váttryggingafélag Íslands hf. gengur með þessum hætti inn í aðild Brunabótafélags Íslands að samningum um brunatryggingar fasteigna við sveitarfélögin, og leiðir það af flutningi stofnsins og því að eignarhaldsfélagið hættir váttryggingastarfsemi. Þar með verður til samaðild félaganna að þessum samningum við hvert sveitarfélag fyrir sig, þar sem aðild VÍS hf. lýtur að váttryggingarreksstrinum en aðild eignarhaldsfélagsins hefur þá þýðingu fyrir félagið, að samningarnir skapa grundvöll fyrir skipun fulltrúaráðs þess.

6. gr.

Samkvæmt nýjum lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar geta húseigendur hvar sem er á landinu váttryggt hús sín gegn bruna hjá hvaða váttryggingafélagi sem er, eftir gildistöku EES samningsins, og fara tímasetningarnar eftir bráðabirgðaákvæðum þeirra laga. Þar með breytast samningar BÍ/VÍS við sveitarfélögin um brunatryggingar fasteigna í þá veru, að þeir gilda eingöngu fyrir þá húseigendur á viðkomandi samningssvæði, sem eftir gildistöku laganna flytja ekki húsatryggingar sínar til annarra váttryggingafélaga.

7. gr.

Samningar Brunabótafélags Íslands við sveitarfélögin um brunatryggingar fasteigna, sem upp voru teknir í kjölfar laganna nr. 59/1954 og nr. 9/1955 halda gildi sínu samkvæmt eigin ákvæðum út samningstíma þeirra. Sveitarfélag, sem þess óskar, getur þó sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara miðað við 15. október 1995, eða síðar en missir við þá uppsögn aðild að fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins.

Sveitarfélag, sem hefur sagt upp brunatryggingarsamningnum og á þar af leiðandi ekki aðild að stjórn og fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins, á hins vegar eftir sem áður aðild að hinni óvirku sameign eftir iðgjaldamagni sínu samkvæmt 6. grein laganna nr. 68/1994, þegar og ef til slita félagsins kemur.

Samþykktar á aukafundi fulltrúaráðsfundi EBÍ 19. mars 2025.